

## GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- A. Rotþró allt að 1800 lítra kr. 4.000.
- B. Rotþró allt að 3500 lítra kr. 5.000.
- C. Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.700.
- D. Rotþró allt að 9000 lítra kr. 7.000.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Að jafnaði skal tæma rotþrær annað til þriðja hvert ár.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem er sett skv. samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003, var samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps 13. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

*Aðaldal, 17. mars 2004.*

**Ólína Arnkelsdóttir** oddviti.